

# "FJÓRAR ÁRSTÍÐIR"

SÝNING  
KJARVALSSTAÐIR  
13 MAÍ - 21 MAÍ, 1978

# KARLSSON



Ljósmyndun: Dave Beach

Íslenski listamaðurinn Hörður Karlsson, sem heldur málverkasýningu um þessar mundir í Galeria Amplitud, er sannkallaður abstraktmálar. Myndir hans eru eins og hugmyndir í litum, lausar úr viðjum yrkisefnisins, ósnortnar af raunveruleikanum.

Málverk Harðar Karlssonar eru vel gerðar kritarmyndir,

kraftmiklar, litrikar og lífandi. Sýningin í heild ber vitni um allt í senn, listgáfu, stil og kunnáttu.

Sýningin er fjölbreytt og skemmtileg, myndirnar eru í ýmsum takti og tóntegundum og hafa þægileg áhrif á áhorfandann.

(ABC dagblaðið i Sevilla, 8. júní 1976- Ryður ur spænsku)

Málverkin á þessari sýningu eru kritarmyndir. Hörður Karlsson byrjaði fyrir mörgum árum að nota krit til að gera frumdrög að oliumálverkum. Eftir það fór hann að mála kritarmyndir en heldur þó jafnframt áfram að mála með olíu og acryliclítum.

Málverkin, sem hér eru sýnd, eru nafnlaus. Á því er einföld skýring. Stillinn er „abstrakt expressionismi“: myndunum er ætlað að ná beint til áhorfandans, án þess að nafngiftir nái að spilla fyrir. Þannig er áhorfandinn frjáls að því að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og fella sinn eigin dóm.

Hörður Karlsson er fæddur í Reykjavík árið 1933 og hóf listnám þar. Hann fór tvitugur til Bandaríkjanna og starfar nú sem forstöðumaður myndsmiðadeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. Hann stundaði nám við Corcoran listaskólan í Washington og

einnig um nokkurt skeið við háskólann í Mexikóborg.

Hörður Karlsson hefur teiknað fjölda frímerkja. Árið 1961 varð hann ásamt samverkamanni sinum hlutskarpastur í samkeppni, sem Póststjórn Sameinuðu þjóðanna gekkst fyrir, um frímerki til heiðurs Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nokkrum árum síðar bar hann sigur úr býtum í frímerkjasamkeppni Póst- og símamálaráðs Evrópu, verðlaunafrímerkið var gefið út í sextán Evrópulöndum.

Í tilefni hálfra aldar afmælis bandarísku flugpóstþjónustunnar árið 1968 var gefið út 10 centa frímerki, sem Hörður teiknaði.

Málverk Harðar Karlssonar og önnur verk hans hafa verið sýnd viða. Hann hefur áður haldið eina einkasýningu í Reykjavík, þjár í Bandaríkjunum og eina á Spáni.









# HÖRDUR KA

## Listferill

- 1947-1948 Félag íslenskra fristundamálara.  
1954-1955 Corcoran School of Art, Washington,  
D.C.  
1960 Mexico City College, Mexikó.

## Sýningar

- 1958 Sýningarsalur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í  
Washington (einkasýning).  
1960 Sýningarsalur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í  
Washington (einkasýning).  
1965 Ásmundarsalur í Reykjavík (einkasýning)  
1968 Morgunblaðsglugginn í Reykjavík, mál-  
verka- og frimerkjasýning (einkasýning).  
1972 Adams Rib Gallery í Washington (einka-  
sýning).  
1976 Amplitud Galeria de Arte í Sevilla, Spáni  
(einkasýning).  
Ymsar hópsýningar í Washington og ná-  
grenni.

## Verðlaunafrimerki

- 1961 Frimerki Sameinuðu þjóðanna til heiðurs  
Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, teiknað ásamt  
öðrum, gefið út í apríl 1961.

- 1962 Frimerki Póst- og simamálaráðs Evrópu,  
keypt af Pósti og síma til hugsanlegrar útgáfu síðar.  
1965 Frimerki Póst- og simamálaráðs Evrópu,  
gefið út í 16 ríkjum Evrópu í september 1965.  
1968 50 ára afmælisfrimerki Flugbjónustu  
Bandaríkjanna gefið út 15. maí 1968.

## Önnur verðlaunamerki

- 1956 Merki Félags íslenskra atvinnuflugmanna,  
fyrstu verðlaun.  
1960 Gullpeningur Sundsambands Íslands,  
fyrstu verðlaun.  
1962 Frimerki Póst- og simamálaráðs Evrópu,  
fulltrúi Íslands í lokakeppni.  
1964 Frimerki Póst- og simamálaráðs Evrópu,  
fulltrúi Íslands í lokakeppni.  
1966 Merki Landsvirkjunar, önnur verðlaun.

## Heiðursmerki

- Heiðursfélagi í Félagi íslenskra frímerkjasafrnara.